

Hafrannsóknastofnunin. Fjölrit nr. 122

Styrkur næringarefna í hafinu umhverfis Ísland

Nutrient concentrations in Icelandic waters

Sólveig R. Ólafsdóttir
Hafrannsóknastofnuninni

Reykjavík 2006



EFNISYFIRLIT*CONTENT*

	Bls./Page
Ágrip/ <i>Abstract</i>	5
Inngangur/ <i>Introduction</i>	7
Efniviður og aðferðir/ <i>Material and methods</i>	9
Niðurstöður/ <i>Results</i>	11
Lárétt dreifing/ <i>horizontal distribution</i>	11
Lóðrétt dreifing/ <i>vertical distribution</i>	17
Umræður/ <i>Discussion</i>	18
Þakkir/ <i>Acknowledgements</i>	23
Heimildir/ <i>References</i>	23

ÁGRIP

Sólveig R. Ólafsdóttir 2006. Styrkur næringarefna í hafinu umhverfis Ísland. Hafrannsóknastofnunin, Fjölrit 122, 24 s.

Styrkur næringarefna var mældur ársfjórðungslega í hafinu umhverfis Ísland árið 2002. Greinilegur munur var á vetrarstyrk næringarefna milli hlýsjávarins sunnan og vestan landsins annars vegar og kalda sjávarins fyrir norðan og austan hins vegar. Styrkur nítrats var tæplega $14 \mu\text{mol l}^{-1}$ í hlýsjónum en um $12 \mu\text{mol l}^{-1}$ í kalda sjónum. Fosfat var $0,9 \mu\text{mol l}^{-1}$ í hlýsjónum en $0,7 \mu\text{mol l}^{-1}$ í kalda sjónum og sömuleiðis var kísill um $6,5 \mu\text{mol l}^{-1}$ í hlýsjónum en tæplega $5 \mu\text{mol l}^{-1}$ í kalda sjónum. Að vorinu á sér stað hröð upptaka næringarefna í yfiorðssjó um leið og skilyrði verða fyrir blóma svifþörungum, yfirleitt lækkar styrkur næringarefna fyrst næst landi. Í ágúst var styrkur næringarefnanna einsleitur og lágur á stórum svæðum, en úti fyrir Suðausturlandi og djúpt vestur af landinu var þó nokkuð af næringarefnum og styrkur nítrats 2 - 4 $\mu\text{mol l}^{-1}$. Hlutföll nítrats og fosfats voru á bilinu 16,0-17,3 eftir svæðum við landið, hæst þar sem blöndunar við pólsjó gætir. Hlutföll nítrats og kísils eru mjög breytileg eftir svæðum.

ABSTRACT

Sólveig R. Ólafsdóttir 2006. Nutrient concentrations in Icelandic waters. Marine Research Institute, Report 122, 24 pp.

Nutrient concentrations were measured quarterly in Icelandic waters in 2002. Nutrient concentrations in winter showed differences between the Atlantic waters south and west of Iceland and the Arctic waters north and east of Iceland. Nitrate concentration was around $14 \mu\text{mol l}^{-1}$ in the Atlantic water but about $12 \mu\text{mol l}^{-1}$ in the Arctic water. Phosphate was $0.9 \mu\text{mol l}^{-1}$ in the Atlantic water but $0.7 \mu\text{mol l}^{-1}$ in the Arctic water and silicate was about $6.5 \mu\text{mol l}^{-1}$ in the Atlantic water but a little less than $5 \mu\text{mol l}^{-1}$ in the Arctic water. During phytoplankton spring bloom the concentration of nutrients changed rapidly in the surface layer. The onset of nutrients utilization in spring began in shallow and coastal waters. In August the nutrient concentrations were low and mostly uniform in large areas, but off the South-eastern coast as well as off the shelf west of Iceland, relatively high concentrations were found with nitrate concentration of 2 - 4 $\mu\text{mol l}^{-1}$. The nitrate:phosphate ratio ranged from 16.0 to 17.3, differing from one area to another, highest where mixing with Polar water was observed. The nitrate:silicate ratio was highly variable.



INNGANGUR / INTRODUCTION


Á kaldtempruðum svæðum breytist styrkur næringarefna í yfirborðslögum sjávar reglulega með árstíma og er það afleiðing af bæði lífrænum og eðlisfræðilegum ferlum. Rannsóknir á næringarefnum í sjó tengjast gjarnan rannsóknum á framleiðnigetu svæða þar sem framboð næringarefna hefur áhrif á frumframleiðni á ári hverju og skortur á næringarefnum er oft takmarkandi fyrir frumframleiðni.

Reglubundnar rannsóknir á næringarefnum á öllu íslenska hafsvæðinu hafa einungis farið fram á vorin, í tengslum við rannsóknir á plöntusvifi og framleiðni. Einnig eru næringarefni mæld ársfjórðungslega á tveimur stöðum, öðrum í hlýsjó vestur af landinu og hinum í köldum sjó fyrir norðaustan land. Fram að þessu hefur einungis einu sinni, árið 1991, verið gerð athugun á styrk næringarefna að vetrarlagi sem nær til hluta landgrunnsins í kringum Ísland. Til eru gögn um næringarefnastyrk síðsumars frá árunum 1993 og 1994 þegar sýnum var safnað í ágúst allt í kringum landið. Til að meta á langtímabreytingar á styrk næringarefna er best að nota gögn úr leiðöngrum sem farnir eru um hávetur þegar áhrif frá lífríkinu eru hverfandi.

Vorið er hins vegar sá árstími þegar breytingar á næringarefnastyrk í sjónum eru hraðastar. Markmið þessarar rannsóknar er að lýsa breytingum á næringarefnastyrk á milli árstíma á íslenska hafsvæðinu og mismuninum milli svæða umhverfis landið.

Unnsteinn Stefánsson og Jón Ólafsson (1991) gerðu grein fyrir dreifingu næringarefna að vori í sjó við Ísland. Þar kemur fram að mikill munur er á hlýsjónum sunnan og vestan landsins annars vegar og kalda sjónum fyrir norðan og austan hins vegar. Styrkur næringarefna á íslenska landgrunninu er aðallega háður styrk þeirra í þeim sjó sem berst inn á svæðið að utan (1. mynd) nema nálægt ströndum þar sem ferskvatnsblöndunar gætir (Unnsteinn Stefánsson og Jón Ólafsson, 1991).

Dýpt blandaða lagsins við yfirborð er mest um hávetur en minnkar síðan að vori þegar hita-skiptalag myndast, eða þar sem sjór með lága seltu flæðir yfir eðlisþyngri og saltari sjó. Samhengi er á milli vetrarstyrks næringarefna í yfirborðslögum og dýptar blandaða lagsins að vetrarlagi þar sem aukin lóðrétt blöndun að vetrarlagi gefur hærri styrk næringarefna í yfirborðslögum (Jón Ólafsson, 2003). Slíkt sam-



1. mynd. Straumakerfið við yfirborð umhverfis Ísland, rauðar örvar: Atlantssjór, bláar örvar: Pólsjór, grænar örvar: blandaður sjór. Mynd: Héðinn Valdimarsson og Svend-Aage Malmberg, (1999).

Figure 1. Surface circulation in Icelandic waters, red arrows: Atlantic water, blue arrows: Polar water, green arrows: mixed water. From Héðinn Valdimarsson and Svend-Aage Malmberg, 1999.

band er mun sterkara fyrir norðan en í hlýsýjónum sunnan og vestan landsins. Þannig ráða aðstæður að vetrarlagi miklu um styrk næringarefna að vorlagi og hafa þannig áhrif á framleiðni getu svæðisins, en framleiðni geta ræðst þó af fleiru. Næringarefni berast yfirborðslaginu eftir mörgum leiðum svo sem við lóðréttra blöndun, vegna hreyfingar sjávar, með blöndun vegna vinda, blöndun yfir hitaskiptalagið og með andrúmsloftinu (Louanchi og Najjar, 2001). Á norðlægum slóðum er lóðrétta blöndunin langmikilvægasta ferlið (Koeve, 2001). Á vorin skapast skilyrði fyrir blóma svifþörungum þegar ljósmagn eykst og lagskipting verður í yfirborði sjávar (Þórunn Þórðardóttir, 1986), þá haldast svifþörungarnir í yfirborðslaginu og fjölga sér þar mjög ört, nýta uppleyst næringarefni og einnig önnur snefilefni eins og járn til vaxtar og mynda þannig lífrænt efni. Ef árleg framleiðni plöntusvifs á lífrænu efni takmarkast af ólífrænum næringarefnum, ætti hún því að vera háð því magni næringarefna sem berast til yfirborðslagsins. Mæld heildarframleiðni plöntusvifs á ári er hins vegar oft umtalsvert hærri en þessu nemur vegna þess að næringarefni sem endurnýjast úr lífrænu efni eru notuð aftur til frekari framleiðni. Dugdale og Goering (1967) skilgreindu mismuninn á mældri heildarframleiðni og þeirri framleiðni sem nemur næringarefnaforðanum sem endurnýttá framleiðni (recycled production) og framleiðnina sem rekja má til ólífrænna næringarefna sem berast yfirborðslaginu vegna blöndunar er kölluð nýframleiðni (new production). Frumframleiðni í Faxaflóa hefst snemma vors næst landi vegna lagskiptingar af völdum seltulækkunar vegna afrennslis (Þórunn Þórðardóttir og Unnsteinn Stefánsson, 1977) en fjarri landi þar sem ferskvatnsáhrifa gætir ekki verður lagskipting af völdum upphitunar á yfirborðslögum vegna sólargeisunar. Í samræmi við það er styrkur næringarefna í hámarki í lok vetrar og minnkar svo ört að vorlagi við upphaf frumframleiðninnar. Styrkurinn helst síðan alla jafna lágur þar til um haustið þegar minnkandi ljósmagn fer að hægja á frumframleiðninni. Næringarefni komast þá aftur í upplausn við niðurbrot lífrænna efna. Þessi endurnýjun bætist við aukna dýpt blandaða lagsins að hausti svo að í lok vetrar er styrkur næringarefnanna af svipaðri stærðargráðu og hann var áður en frumframleiðni hófst vorið á undan.

Styrkur nítrats og fosfats ($[\text{NO}_3]$ og $[\text{PO}_4]$) í sjó eykst og minnkar að jafnaði í réttum hlutföllum, og er hlutfallið nálægt 16:1. Þetta stafar af því að hlutfall frumefnanna köfnunarefnis (N) og fosfórs (P) í agnabundnu lífrænu efni (lifandi eða dauðum lífverum) í sjó er líka 16:1 (Redfield, 1934, Copin-Montegut og Copin-Montegut, 1983) og vegna þess að ólífrænt N og P losna á mjög líkum hraða úr rotnandi lífrænu efni (Takahashi *et al.*, 1985b). Hin sterku línulegu tengsl milli $[\text{NO}_3]$ og $[\text{PO}_4]$ eiga sér þannig stað vegna þess að ljóstíllifun og niðurbrot valda breytingum á styrk beggja efnanna, sem lýsa má með línu með hallatölu nálægt 16:1, en valda ekki miklum frávikum frá henni. Blöndun yfirborðssjávar og djúpsjávar veldur einnig styrkbreytingum í þessum sömu hlutföllum.

Ammóníak (NH_4) er mest afoxaða form uppleysts ólífræns köfnunarefnis, og það er yfirleitt ekki til staðar í háum styrk í súrefnisríkum sjó, því að ammóníak er mun óstöðugra efna-samband en nítrat. Plöntusvif tekur að jafnaði ammóníak frekar upp heldur en nítrat því að það kostar minni orku að nýta köfnunarefni bundið í ammóníaki (Dugdale og Wilkerson, 1998). Búast má við að línuleg fylgni $[\text{NO}_3]+[\text{NH}_4]$ á móti $[\text{PO}_4]$ sé jafnvel enn betri en $[\text{NO}_3]$ og $[\text{PO}_4]$ (Tyrrell og Lucas, 2002). Uppleystur kísill (Si) er nær eingöngu til staðar í sjó sem kísilsýra á forminu $\text{Si}(\text{OH})_4$. Það eru nánast eingöngu kísilþörungar sem nýta kísil, til að byggja upp kísilskeljar, svo að styrkbreytingar á kísli endurspeglar einungis viðurvist og magn kísilþörungum en ekki heildarmagn plöntusvifs nema þegar eingöngu kísilþörungar eru til staðar. Skortur á kísli setur hömlur á vöxt kísilþörungum en þeir eru taldir hafa mikil áhrif á flutning kol-efnis úr yfirborðslögum (Dugdale og Goering, 1967, Louanchi og Najjar, 2001), þar sem kísilþörungar eru að jafnaði stórir og sökkva því hratt og flytja þannig lífrænt efni niður í djúpið. Talið er að sé kísilstyrkur meiri en $2 \mu\text{mol l}^{-1}$ verði kísilþörungar ráðandi í svifinu (Egge og Asknes, 1992) en að lægri styrkur kísils geri kísilþörungum síður samkeppnishæfa. Kísilþörungar eru taldir vera sá hópur þörungum sem fyrst blómstrar á vorin á norðlægum breiddargráðum. Nítrat er almennt talið vera það næringarefni sem takmarkar frumframleiðni í sjó, þar sem yfirleitt er leif af fosfati þegar nítratið er allt uppuríð. Unnsteinn Stefánsson og Jón Ólafsson (1991) komust að því að slík leif er að jafnaði af

fosfati í köldum sjó við Ísland en í Atlantssjó ganga bæði þessi efnasambönd til þurrðar í yfirborðslaginu á sumrin.

Ísland er staðsett þar sem tveir miklir neðan-sjávarhryggir, Mið-Atlantshafshryggurinn og Grænlands-Skotlandshryggurinn, mætast (1. mynd). Þessir hryggir hafa mikil áhrif á hafstrauma og dreifingu sjógerða við Ísland. Grænlands-Skotlandshryggurinn hefur sér í lagi mikil áhrif þar sem hann heftir flæði milli hlýs sjávar úr Norður-Atlantshafi og kalds djúpsjávar úr Íslandshafi og Noregshafi. Því eru á Íslandsmiðum sterk skil milli hlýsjávar úr suðri og kaldsjávar úr norðri. Grein úr Golfstrauminum (North Atlantic Current) flytur heitan og saltan sjó upp að suður- og vesturströnd Íslands (Héðinn Valdimarsson og Svend-Aage Malmberg, 1999, Unnsteinn Stefánsson 1962). Vestur af landinu skiptist þessi straumur í tvo þætti, annar fer til vesturs en hinn, sem er minni, streymir norður með Vestfjörðum og inn á landgrunnið fyrir norðan land. Þar blandast þessi hlýi sjór köldum sjó sem kemur úr norðri. Austur-Grænlandsstraumur flytur kaldan og seltulítinn sjó suður Grænlandssund vestanvert. Á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen er hringstraumur og úr honum kemur sjór inn í Austur-Íslandsstrauminn sem streymir í suðaustur meðfram


landgrunnsbrúninni norðan við Ísland og svo í suður meðfram landgrunnsbrúninni fyrir austan land (Perkins et al., 1998). Einnig blandast Austur-Íslandsstraumurinn sjór af landgrunninu fyrir norðan land. Við hrygginn milli Ísland og Færeyja mætast svo Austur-Íslandsstraumurinn og Golfstraumurinn úr suðri og myndast þar skil sem liggja í suðaustur frá landgrunninu austan lands og meðfram Íslands-Færeyjahryggnum norðanverðum.

EFNIVIÐUR OG AÐFERÐIR

MATERIALS AND METHODS

Árið 2002 var gerð rannsókn á næringarefnum í yfirborðslögum í öllum ársfjórðungslegu sjórannsóknaleiðingrum Hafrannsóknastofnunarinnar, í febrúar, maí, ágúst og nóvember. Sjórannsóknir fara fram á ákveðnu neti stöðva (2. mynd) á sniðum frá landi og út fyrir landgrunnsbrún allt umhverfis landið. Markmiðið er að lýsa umhverfisskilyrðum á íslenska hafsvæðinu.

Sjó var almennt frekar kaldur umhverfis landið í ársbyrjun 2002 samkvæmt mælingu í febrúar (Anon 2003). Um vorið höfðu hiti og selta í Atlantssjónum hækkað vel yfir meðaltal, en vegna lítillar útbreiðslu Atlantssjávar á Norð-urmiðum um vorið voru hiti og selta þar áfram



2. mynd. Staðalsnið, þar sem fara fram mælingar og sýnatökur til sjó- og svifrannsóknna umhverfis Ísland. Dýptarlínur eru sýndar fyrir 200 og 500 metra.

Figure 2. Standard sections for repeated hydrographic and plankton research in Icelandic waters. Depth contours are shown for 200 and 500 m.

undir meðaltali máí mánaðar. Síðsumars varð vart við aukin áhrif Atlantssjávar fyrir norðan land. Í ágúst gætti hlýsjávar austur fyrir Langanes og í nóvember voru bæði hiti og selta á Norður- og Austurmiðum yfir meðaltali.

Í febrúar leiðangrinum voru sýni tekin á 0, 20 og 100 metra dýpi á öllum athugunarstöðvum (2. mynd) en á 0, 20, 50 og 100 m dýpi á öllum stöðvum í maí, ágúst og nóvember. Sýnin voru tekin í 1,7 lítra HydroBios sjótaka á rósettu. Gögnum um hita og seltu var safnað með síritandi SBE 911 sondu. Sýni voru einnig tekin með 200 metra millibili niður að botni á dýpstu stöðvunum á hverju sniði. Í sýnunum voru mæld uppleyst næringarefni, nítrat (NO_3), fosfat (PO_4) og kísill (Si). Sýnunum var safnað í LDPE (low density polyethylene) flöskur og næringarefnin voru mæld með sjálfvirkri ljósgleypnimælingu með Chemlab autoanalyser. Nítrat og kísill voru mæld með aðferðum sem lýst er í Grasshoff (1970) og fosfat samkvæmt aðferð Murphy og Riley (1962). Í febrúar-, maí- og ágústleiðöngurum voru næringarefnin mæld um borð innan sólarhrings frá söfnun sýnanna, í nóvember voru sýnin fryst að lokinni söfnun og mæld á rannsóknastofu í landi. Sýni í maíleiðangri og ágústleiðangri voru síuð með $0,45 \mu\text{m}$ Whatman polysulfonat sprautusíu fyrir mælingu. Þá var í maíleiðangri mælt ammóníak (NH_4) í sýnum frá Siglunesniði og af völdum stöðvum á öðrum sniðum. Þeim sýnum var safnað í sýrupvegin 20 ml polyetylen glös og þau fryst strax að lokinni söfnun. Ammóníak var svo mælt með sjálfvirkri ljósgleypnimælingu á Technicon autoanalyser samkvæmt aðferð sem byggir á Koroleff (1970). Þegar nítrat (NO_3) er mælt, mælist einnig það nítrít (NO_2) sem er í sýninu. Hér eftir er því í raun átt við $\text{NO}_3 + \text{NO}_2$ þegar fjallað eru um nítrat, en nítrít er óstöðugt efnasamband og er styrkur þess venjulega hverfandi miðað við nítratið þegar nægt súrefni er til staðar. Sömu aðferðir hafa verið notaðar við næringarefnamælingar á Hafrannsóknastofnuninni frá því um 1970 og því eru niðurstöður sambærilegar frá ári til árs.

Áreiðanleiki (accuracy og precision) efnagreininganna var metinn með notkun á viðmiðunarefni sem búið var til á Hafrannsóknastofnuninni samkvæmt Aminot og Kérouel, (1998) og þátttöku í samanburðarmælingum á næringarefnum í sjósýnum frá QUASIMEME (Quality Assurance of Information for Marine Environmental Monitoring in Europe) þar sem frávik


Tafla 1. Meðaltals z-gildi og meðaltals mismunur mældra (χ) og uppgefinna gilda (x) í QUASIMEME viðmiðunarsýnum frá 1996-2004. z-gildi er $(\chi-x)/\text{staðalfrávik}$ mælingarinnar.

Table 1. Average z-score and average difference between measured (χ) and assigned values (x) in QUASIMEME reference samples from 1996-2004. z-score is $(\chi-x)/\text{standard deviation of the measurement}$.

	Meðal z-gildi \pm staðalfrávik	Meðal mismunur \pm staðalfrávik
nítrat+nítrít	$0,2 \pm 0,5$	$-0,12 \pm 0,22$
fosfat	$0,3 \pm 0,4$	$-0,02 \pm 0,03$
kísill	$0,4 \pm 0,6$	$-0,20 \pm 0,32$
ammóníak	$0,3 \pm 1,6$	$-0,11 \pm 0,6$
nítrít	$0,2 \pm 0,5$	$0,01 \pm 0,03$

mælinganna hafa að jafnaði verið lág (tafla 1) (Wells *et al.*, 1997). Nákvæmni næringarefnagreininganna ákvörðuð með endurteknum mælingum á viðmiðunarefni samhliða efnagreiningum er því $\pm 0,10 \mu\text{mol l}^{-1}$ fyrir nítrat, $\pm 0,02 \mu\text{mol l}^{-1}$ fyrir fosfat, og $\pm 0,10 \mu\text{mol l}^{-1}$ fyrir kísil.

Hafrannsóknastofnunin hefur tekið þátt í samanburðarmælingum á næringarefnastyrk í sjó frá árinu 1993 í verkefninu QUASIMEME. Tvisvar á ári eru mæld sýni með óþekktum styrk næringarefna og niðurstöðurnar síðan metnar af utanaðkomandi aðilum. Almennt séð hafa greiningar Hafrannsóknastofnunarinnar komið vel út í þessum samanburði en mældir eru 7 þættir í hverju sýni, nítrat+nítrít, fosfat, kísill, ammóníak, nítrít, heildar uppleyst köfnunarefni og heildar uppleystur fosfór, en þar af eru þrír þættir (nítrat, fosfat og kísill) mældir reglubundið í sjósýnum á Hafrannsóknastofnuninni. Z gildi er rannsóknastofu reiknað út frá mismuninum á mældu gildi hennar (χ) og uppgefnu gildi (x) (assigned value) sem ákvarðað er út frá niðurstöðum æfingarinnar (um 70 rannsóknastofur taka þátt) og staðalfrávik mælingarinnar. Eftirfarandi mælikvarðar eru notaðir við mat niðurstöðanna: ef $|z| < 2$ eru niðurstöður taldar góðar, ef $2 < |z| < 3$ eru niðurstöður taldar vafasamar og ef $|z| > 3$ eru niðurstöðurnar taldar ónothæfar. Ef styrkur sýnisins er mjög lítil er erfitt að nota þennan mælikvarða þar sem lítil skekkja getur haft mikil áhrif á z-gildið. Því eru z-gildi ekki reiknuð fyrir mjög lágan styrk þar sem þau gefa ekki raunsanna mynd af niðurstöðunum. Á 3. mynd eru sýnd z-gildi frá Hafrannsóknastofnuninni á tímabilinu 1996-2004. Gildin eru öll minni en 2 og teljast þannig innan settra gæðamarka, utan fáein gildi fyrir ammóníak en mæling á því er viðkvæm fyrir ýmsum mengunarsvöldum. Annar og nákvæmari mælikvarði fæst ef mismunur mælds og uppgefins gildis fyrir viðmiðunarsýnin er reiknaður. Í töflu 1 eru með-



3. mynd. z-gildi úr QUASIMEME viðmiðunarsýnum frá 1996-2004 a) nítrat, b) fosfat, c) kísill, d) ammóníak og e) nítrít.

Figure 3. z-score from QUASIMEME reference samples from 1996-2004 a) nitrate, b) phosphate c) silicate, d) ammonia and e) nitrite.

altals z-gildi og meðaltals mismunur mældra og uppgefina gilda í QUASIMEME viðmiðunarsýnum frá 1996-2004. Niðurstöðurnar sýna að niðurstöður mælinganna frá ári til árs eru samanburðarhæfar og mjög nákvæmar þar sem staðalfrávik mismunarins er mjög lágt og í raun nærri greiningarmörkum.

NIÐURSTÖÐUR / RESULTS

Lárétt dreifing / Horizontal distribution

Við túlkun gagna er hafsvæðinu umhverfis landið skipt í svæði og er vísað í 2. mynd til glöggvunar á staðsetningu sniða og sýnatökustöðva. Vestursvæði er Faxaflóasnið, norðvestursvæði er frá Kögursniði að Siglunesi, norðaustursvæði er frá Sléttusniði til Langanes NA, Austursvæði er frá Langanes A-sniði til Stokksnessniðs og suðursvæði er frá Ingólfs höfða að Selvogsbanka. Skiptingin milli svæða er landfræðileg en er ekki byggð á eiginleikum einstakra sjógerða en skiptingin samsvarar í megindráttum þeim helstu sjógerðum sem eru við landið.


Dreifing næringarefna við yfirborð í leiðöngrunum fjórum árið 2002 er sýnd á 4. til 7. mynd. Árstíðabundnar breytingar sjást bæði í styrk næringarefnanna svo og í útbreiðslu sjógerða. Greinilegur munur sést milli hafsvæða í vetrarstyrk næringarefna (4. mynd, Tafla 2). Þannig var styrkur nítrats hærri í hlýsjónum fyrir sunnan og vestan landið, $13,7 \mu\text{mol l}^{-1}$, en í kalda sjónum fyrir norðan og austan, um $12 \mu\text{mol l}^{-1}$. Styrkurinn var nánast einsleitur á stórum svæðum og lítill stígandi (gradient), ef undan er skilinn kísilstyrkur nærri landi. Þó var greinilegur munur á styrk næringarefna á milli hlýsjávarins fyrir sunnan og vestan landið og kalda sjávarins fyrir norðan og austan (Tafla 2).

Sökum þess hve sjórinn er einsleitur er viðeigandi að reikna meðalgildi fyrir einstök svæði eða einstakar sjógerðir samkvæmt mælingum frá þessum árstíma. Þá er sjórinn uppblandaður svo að lítill munur er á styrk næringarefna innan blandaða yfirborðslagsins. Hér eru reiknuð meðaltöl næringarefnastyrks að vetrarlagi í efstu 100 (0, 20 og 100) metrunum í helstu sjógerðum við landið.

Tafla 2. Meðal vetrarstyrkur ($\mu\text{mol l}^{-1}$) nítrats (NO_3), fosfats (PO_4) og kísils (Si) í hafinu umhverfis Ísland mældur í febrúar 2002, auk þessa eru staðalfrávik (s.d.) og fjöldi mælinga (n) tilgreind. Á Faxaflóasniði eru allar stöðvar með fyrir nítrat og fosfat en fyrir kísil er stöðvum sleppt þar sem ferskvatnsáhrifa gætir. Á norðvestur- og norðursvæði eru allar stöðvar frá Kögursniði að Siglunesniði teknar með og á norðaustur- og austursvæði eru ystu stöðvar á sniðum frá Sléttu að Krossanesi (sjá 2. mynd). Úti fyrir Suðurlandi teljast stöðvar frá Stokksnesi að Selvogsbankasniði.

Table 2. Average winter concentrations ($\mu\text{mol l}^{-1}$) of nitrate (NO_3), phosphate (PO_4) and silicate (Si) in Icelandic waters as measured in February 2002, the standard deviation (s.d.) and the number of measurements (n) are also given. For Faxaflói section all stations are included for nitrate and phosphate but for silicate stations where freshwater input is evident are excluded. All stations from Kögur section to Siglunes section belong to the North-Northwest area and to the Northeast-East area are the deepest stations from Slétta section to Krossanes section (figure 2). Off the south coast are all stations from Stokksnes section to Selvogsbanki section.

	NO_3	s.d.	n	PO_4	s.d.	n	SiO_2	s.d.	n
Faxaflói	13,7	0,7	25	0,92	0,04	23	6,5	0,2	16
Norðvestur og norður svæði	12,6	0,6	47	0,76	0,07	45	6,6	0,6	47
Norðaustur og austur svæði	11,4	0,5	41	0,70	0,06	30	4,8	0,8	31
Úti fyrir Suðurlandi	13,7	0,3	23	0,79	0,05	23	6,3	0,4	23




4. mynd. Styrkur næringarefna ($\mu\text{mol l}^{-1}$) við yfirborð í hafinu umhverfis Ísland 11.-24. febrúar 2002, a) nítrat, NO_3 , b) fosfat, PO_4 , c) kísill, Si.

Figure 4. Nutrient concentrations ($\mu\text{mol l}^{-1}$) at the surface in Icelandic waters 11.-24. February 2002, a) nitrate, NO_3 , b) phosphate, PO_4 , c) silicate, Si.

Áhrif fersks vatns frá landi á styrk kísils eru meiri en á nítrat- og fosfatstyrk. Þannig var kísilstyrkur að jafnaði hærri uppi við landið en lengra úti. Innarlega á Faxaflóa (4. mynd c) var styrkur kísils allt að $10 \mu\text{mol l}^{-1}$ en $6,5 \mu\text{mol l}^{-1}$ djúpt úti á Faxaflóa. Kísilstyrkur var um $1 \mu\text{mol l}^{-1}$ hærri við ströndina við Vestfirði en úti fyrir og $2-3 \mu\text{mol l}^{-1}$ hærri við ströndina allt frá Melrakkaslétu að Selvogsbanka en í sjónum úti fyrir.


Í maíleiðangri (5. mynd) höfðu orðið miklar breytingar í styrk næringarefna við yfirborð frá því um veturinn. Skörp skil voru nú víða þar



5. mynd. Styrkur næringarefna ($\mu\text{mol l}^{-1}$) við yfirborð í hafinu umhverfis Ísland 13.-30. maí 2002, a) nítrat, NO_3 , b) fosfat, PO_4 , c) kísill, Si.

Figure 5. Nutrient concentrations ($\mu\text{mol l}^{-1}$) at the surface in Icelandic waters 13.-30. May 2002, a) nitrate, NO_3 , b) phosphate, PO_4 , c) silicate, Si.


sem mörk liggja í útbreiðslu mismunandi sjógerða og mismunur var milli svæða á hve mikið af næringarefnum hafði verið tekið upp af plöntusvifi. Dreifing nitrats (5. mynd a), fosfats (5. mynd b) og kísils (5. mynd c) sýndu mjög há gildi uppleystra næringarefna í Atlantssjónum vestur af landinu. Á þeim stöðvum þar sem botndýpi er mest (2. mynd) hafði ekki orðið lækking að ráði frá því um veturinn. Skil voru norður af Vestfjörðum milli Atlantssjávarins og arktíks sjávar. Yfir landgrunninu norðan lands og norðaustan var styrkur nitrats víða mjög lágur eða minni en $0,8 \mu\text{mol l}^{-1}$, en styrkur fos-



6. mynd. Styrkur næringarefna ($\mu\text{mol l}^{-1}$) við yfirborð í hafinu umhverfis Ísland 7.-24. ágúst 2002, a) níturat, NO_3 , b) fosfat, PO_4 , c) kísill, Si.

Figure 6. Nutrient concentrations ($\mu\text{mol l}^{-1}$) at the surface in Icelandic waters 7.-24. August 2002, a) nitrate, NO_3 , b) phosphate, PO_4 , c) silicate, Si.

fats er þar enn allt að $0,25 \mu\text{mol l}^{-1}$. Kísill var enn til staðar og var styrkurinn að meðaltali $1,5 \mu\text{mol l}^{-1}$. Úti fyrir Norður- og Austurlandi var styrkur næringarefnanna mun lægri á grunnslóð heldur en úti fyrir. Í Íslandshafi (ystu stöðvar á Siglunesniði og Langanes Norðaustursniði) hafði styrkur nítrats lækkað úr $11 \mu\text{mol l}^{-1}$ sem var hámarksstyrkurinn um veturinn niður í um $8 \mu\text{mol l}^{-1}$ en lítill lækkun hafði orðið á sama tíma í Atlantssjó á stöðvum langt frá landi. Á stórum svæðum djúpt úti af Austurlandi var kísill nær uppurinn í maíleiðangri (5. mynd c), þó að enn væru þar níturat og fosfat til staðar (5. mynd a og



7. mynd. Styrkur næringarefna ($\mu\text{mol l}^{-1}$) við yfirborð í hafinu umhverfis Ísland 8. nóvember – 3. desember 2002, a) níturat, NO_3 , b) fosfat, PO_4 , c) kísill, Si.

Figure 7. Nutrient concentrations ($\mu\text{mol l}^{-1}$) at the surface in Icelandic waters 8 November – 3 December 2002, a) nitrate, NO_3 , b) phosphate, PO_4 , c) silicate, Si.


b). Á Krossanesniði voru skil í styrk allra næringarefnanna á skilum Austur-Íslandsstraumsins og Atlantssjávar, lítill styrkur var í Austur-Íslandsstraumnum, en hár í Atlantssjónum. Suðaustur af landinu úti fyrir landgrunninu var hár styrkur næringarefnanna í Atlantssjónum, þar sem styrkur nítrats var allt að $12 \mu\text{mol l}^{-1}$, fosfat á sama hátt $0,80 \mu\text{mol l}^{-1}$ og kísill $5 \mu\text{mol l}^{-1}$. Úti fyrir Suðurlandi var enn gnótt næringarefna til staðar (5. mynd) og við Suðurströndina var víða mjög hár styrkur kísils í strandsjónum.

Síðsumars var árlegt lágmark í styrk uppleystra næringarefna og dreifingin var þá aftur frekar einsleit og einkenndist af lágum styrk uppleystra næringarefna í blandaða yfirborðslaginu (6. mynd). Fyrir norðan og austan land var dreifing á styrk næringarefna einsleitari heldur en fyrir sunnan og vestan land. Styrkur næringarefnanna var lítil á nær öllum stöðvum, þannig var styrkur nítrats minni en $0,5 \mu\text{mol l}^{-1}$ á um 65% stöðvanna og minni en $1 \mu\text{mol l}^{-1}$ á 75% stöðva. Í Atlantssjó djúpt suðvestur af landinu og í Íslandshafi var þó markvert hærri styrkur næringarefna ($> 2 \mu\text{mol l}^{-1}$ af nítrati), og einnig var nokkuð af næringarefnum á ystu stöðvum á Stokksnessniði, djúpt suðaustur af landinu, utan og við landgrunnsbrún, þar sem styrkur nítrats var meiri en $4 \mu\text{mol l}^{-1}$ við yfirborð. Þarna voru hæstu yfirborðsgildi nítrats og fosfats sem mældust í leiðangrinum.

Dreifing fosfats var í megindráttum lík dreifingu nítrats utan að nærri ströndum við Suður- og Austurland var fosfatstyrkur um $0,30 \mu\text{mol l}^{-1}$ þar sem nítratstyrkur var hverfandi, það gæti


stafað af áhrifum frá ferskvatnsafrennsli af landi eða af hraðari endurnýjun fosfats en nítrats. Styrkur fosfats var lægstur og einsleitastur úti fyrir Norður- og Norðausturlandi þar sem hann var í kringum $0,1 \mu\text{mol l}^{-1}$ víðast hvar. Suðvestur af landinu mátti sjá smávægilegar breytingar í fosfatstyrk milli stöðva þó að styrkurinn færi hvergi yfir $0,3 \mu\text{mol l}^{-1}$. Mjög hár kísilstyrkur var nærri landi við Suður- og Austurland (6. mynd c).

Síðla hausts og í upphafi vetrar höfðu næringarefnin gengið aftur í upplausn þó hámarks-gildum vetrarins hafi ekki enn verið náð. Í aðalatriðum var dreifing nítrats og fosfats hin sama og dreifing kísils var áþekk þeim fyrir utan að hærri kísilstyrkur var nærri ströndum víðast hvar. Hæstu gildi nítrats- og fosfatsstyrks voru í Atlantssjó úti fyrir Vestfjörðum, þar sem nítratstyrkur var $12,3 \mu\text{mol l}^{-1}$ ($n=4$; s.d 1,3), styrkur fosfats var $0,85 \mu\text{mol l}^{-1}$ ($n=4$; s.d 0,06) og kísilstyrkur var $5,5 \mu\text{mol l}^{-1}$ ($n=4$; s.d 0,5). Hámarkið var nú norðar en í öðrum mælingum ársins þar sem nítratstyrkur fór ekki yfir $12 \mu\text{mol l}^{-1}$ á öðrum stöðvum.




8. mynd. Lóðrétt dreifing nítrats ($\mu\text{mol l}^{-1}$) á Faxaflóasniði árið 2002, a) 11.-12. febrúar, b) 13.-14. maí, c) 7.-8. ágúst og d) 8.-9. nóvember.

Figure 8. Vertical profiles of nitrate ($\mu\text{mol l}^{-1}$) on Faxaflói section in 2002, a) 11-12 February, b) 13-14 May, c) 7-8 August and d) 8-9 November.




9. mynd. Lóðrétt dreifing nitrats og ammóníaks ($\mu\text{mol l}^{-1}$) á Siglunesniði árið 2002, a) 16. febrúar (NO_3), b) 20.-21. maí (NO_3), c) 20.-21. maí (NH_4) d) 14.-15. ágúst (NO_3) og e) 18. nóvember (NO_3).

Figure 9. Vertical profiles of nitrate ($\mu\text{mol l}^{-1}$) on Siglunes section in 2002, a) 16 February (NO_3), b) 20-21 May (NO_3), c) 20-21 May (NH_4), d) 14-15 August (NO_3) and e) 18 November (NO_3).




10. mynd. Lóðrétt dreifing nitrats ($\mu\text{mol l}^{-1}$) á Langanes-Norðaustursniði árið 2002, a) 19. febrúar, b) 23. maí, c) 18.-19. ágúst og d) 20.-21. nóvember.

Figure 10. Vertical profiles of nitrate ($\mu\text{mol l}^{-1}$) on Langanes-Northeast section in 2002, a) 18 February, b) 23 May, c) 18-19 August and d) 20-21 November.



11. mynd. Lóðrétt dreifing nitrats ($\mu\text{mol l}^{-1}$) á Langanes-Austursniði árið 2002, a) 20. febrúar, b) 24.-25. maí, c) 19.-20. ágúst og d) 21. nóvember.

Figure 11. Vertical profiles of nitrate ($\mu\text{mol l}^{-1}$) on Langanes-East section in 2002, a) 20 February, b) 24-25 May, c) 19-20 August and d) 21 November.



12. mynd. Lóðrétt dreifing nitrats ($\mu\text{mol l}^{-1}$) á Krossanessniði árið 2002, a) 21. febrúar, b) 26.-27. maí, c) 21. ágúst og d) 22.-23. nóvember.

Figure 12. Vertical profiles of nitrate ($\mu\text{mol l}^{-1}$) on Krossanes section in 2002, a) 21 February, b) 26-27 May, c) 21 August and d) 22-23 November.


Lóðrétt dreifing / Vertical distribution

Lóðrétt dreifing, dýptarsnið, næringarefna á nokkrum sniðum er sýnd á 8.-13. mynd. Að vetrarlagi (8.-13. mynd a) var sjórinn uppblandaður og styrkurinn nærri því hinn sami frá yfirborði og niður á 100 m dýpi á öllum mælipunktum. Um vorið (8.-13. mynd b) voru aðstæður umhverfis landið mismunandi eftir svæðum. Fyrir vestan landið og sunnan (8. og 13. mynd b) var lagskipting veik og lítil lækun á styrk næringarefna hafði orðið frá því um veturinn, styrklækkunar gætti þar einungis næst landi. Annars staðar var lagskipting meira áberandi og töluverðar breytingar með dýpi (9.-12. mynd b). Breytingar fá því í febrúar á nítratstyrk náðu allt niður að 100 metra dýpi. Nítrat var þó enn til staðar í nokkrum mæli í efstu metrunum á þessum svæðum. Síðsumars (8.-13. mynd c) var sterk lagskipting á öllum sniðunum en dýpt blandaða lagsins allbreytileg. Lagskiptingin náði niður á um 50 metra dýpi allt frá Faxaflóasniði og norður um að Langanesi (8.-10. mynd c). Á austursvæðinu náði lagskiptingin hins vegar niður á um 100 metra dýpi (11.-13. mynd c) og þar voru einnig breytingar milli stöðva á

sniðunum. Mikil blöndun einkenndi því dýptarsniðin á austursvæðinu. Síðla hausts (8.-13. mynd d) hefur sjórinn blandast upp á nýjan leik en þó gætir veikrar lagskiptingar enn í efstu 100 metrunum á öllum sniðunum, nítratstyrkur á 50-100 metra dýpi var víðast hvar lægri heldur en í ágúst.


Styrkur ammóníaks var mældur í maíleiðangri 20.-21. maí á Siglunessniði (14. mynd a). Mæld gildi voru á bilinu 0,4-2,4 $\mu\text{mol l}^{-1}$. Lægstu gildin voru við yfirborð á grynstu stöðvunum, en hæstu gildin ($>1,5 \mu\text{mol l}^{-1}$) voru á 50-100 metra dýpi á grynstu stöðvunum. Lægri gildi, minni en 1 $\mu\text{mol l}^{-1}$, mældust á stöð 8. Lagskiptingar gætir í styrk ammóníaks á fyrstu 5 stöðvunum þar sem gildin í efstu 20 metrunum voru minni en 1 $\mu\text{mol l}^{-1}$.

Styrkur ammóníaks var að auki mældur á völdum stöðvum í maíleiðangri og eru niðurstöðurnar sýndar á 14. mynd b. Styrkurinn var almennt lágur eða á bilinu 0,4 $\mu\text{mol l}^{-1}$ til 1,4 $\mu\text{mol l}^{-1}$ og alltaf lægri á stöðvum utan landgrunnins (FX9, LN6, SB5) en nær landi. Á einni stöð, Selvogsbanka 2, voru gildi ammóníaks á bilinu 0,5 $\mu\text{mol l}^{-1}$ við yfirborð til tæplega



13. mynd. Lóðrétt dreifing nitrats ($\mu\text{mol l}^{-1}$) á Stokksnessniði árið 2002, a) 22. febrúar, b) 28. maí, c) 23. ágúst og d) 30. nóvember.

Figure 13. Vertical profiles of nitrate ($\mu\text{mol l}^{-1}$) on Stokksnes section in 2002, a) 22 February, b) 28 May, c) 23 August and d) 30 November.



14. mynd. Styrkur ammóníaks, NH_4 , $\mu\text{mol l}^{-1}$, á a) Siglunessniði 20.-21. maí og b) völdum stöðvum, þ.e. stöðvum 5 og 9 á Faxaflóasniði (FX5, FX9), stöð 6 á Langanessniði Norðaustur (LN6), stöð 3 á Langanessniði Austur (LA3) og stöðvum 2 og 5 á Selvogsbankasniði (SB2, SB5) í maíleiðangri 13.-31. maí 2002. Sjá staðsetningar stöðva á 2. mynd.

Mynd 14. Ammonia concentration, NH_4 , $\mu\text{mol l}^{-1}$, on a) Siglunes section 20–21 May and b) selected stations, i.e. stations 5 and 9 on the Faxaflói section (FX5, FX9), station 6 on the Langanes Northeast section (LN6), station 3 on the Langanes East section (LA3) and stations 2 and 5 on the Selvogsbanki section (SB2, SB5), on the spring cruise 13–31 May 2002. See figure 2 for location of stations.

3 $\mu\text{mol l}^{-1}$ nærri botni, sem voru hærri gildi en búist var við og má að öllum líkindum rekja til endurnýjunar á lífrænu efni.


UMRÆÐA / DISCUSSIONS

Í lok vetrar er árlegt hámark í styrk næringarefna (nítрати, fosfati og kísli) þegar dýpt blandaða lagsins er mest. Að vorinu þegar frumframleiðni hefst með hækkandi sól og hitaskiptalag tekur að myndast lækkar styrkur næringarefna í yfirborðslaginu vegna upptöku í lífræna vefi. Styrkurinn í yfirborðslögum helst lágur fram á haust þegar sjórinn blandast upp á ný vegna kólnunar. Gögnin sýna að ársferill næringarefna í hafinu umhverfis Ísland er eins og víðast hvar hefur mælst á kaldtempruðum svæðum (Takahashi, et al., 1985b).

Árið 2002 náði blandaða yfirborðslagið niður á tæplega 400 m dýpi í Grænlandshafi og um 200 m dýpi í Íslandshafi þegar vetrarmælingin var gerð í febrúar. Því má segja að árið 2002 hafi dýpt blandaða lagsins verið nærri meðaltali árána 1990–2003 í Grænlandshafi en í Íslandshafi var lóðrétt blöndun meiri en meðaltal viðmiðunartímabilsins. Vetrarstyrkur nítrats á stöð 9 á Faxaflóa (Grænlandshaf) annars vegar og stöð 6 á Langanesi NA (Íslandshaf) hins vegar á tímabilinu 1990–2004 var frá um 12–16 $\mu\text{mol l}^{-1}$ á Faxaflóa og 8–12 $\mu\text{mol l}^{-1}$ á Langanesi. Samband nítrats við dýpt blandaða lagsins að vetri er sýnt á 15. mynd. Af myndinni má ráða að sá styrkur nítrats sem er til staðar að vori áður en þörungar taka að vaxa, er háður dýpt blandaða lagsins. Lóðrétt blöndun að vetrarlagi ræðst af eðlismassadreifingu í vatnssúlunni, og þar með

bæði af hita og seltu sjávarins. Einnig sést að árið 2002 var nítратstyrkur frekar lágur að vetri miðað við tímabilið 1990–2004 í Grænlandshafi en fyrir ofan meðaltal í Íslandshafi (4. mynd og 15. mynd).

Sýnt hefur verið fram á að samhengi er á milli vetrarstyrks næringarefna og dýpt blandaða yfirborðslagsins, sem segir til um hve djúpt blöndunin nær að vetri og þar með hve mikið af



15. mynd. Samband nítrats við dýpt blandaða lagsins að vetrarlagi, í febrúar. Gögnin eru frá Faxaflóa 9 og Langanesi NA 6 (sjá 2. mynd) árin 1990–2004. Dýpt blandaða lagsins er metin út frá grynnsta hámarki í $d\theta/dz$ og styrkur næringarefna er meðalstyrkur í efstu 50 metrunum. Endurgert eftir Jóni Ólafssyni (2003).

Mynd 15. Relationship between winter (February) mixed layer depth and nitrate concentration. Data is from station 9 on Faxaflói section and station 6 on Langanes NA section (cf. figure 2) for 1990–2004. Mixed layer depth is estimated from the shallowest maximum in $d\theta/dz$ and nutrient concentrations are average concentrations for the upper 50 meters. Redrawn from Jón Ólafsson (2003).


efnum í upplausn nær að blandast úr djúpinu og upp í efri lög sjávar (Koeve, 2001, Jón Ólafsson, 2003). Í hlýja sjónum ræður kólnun sjávarins langmestu um hve djúpt lóðrétt blöndunin nær (Jón Ólafsson, 2003) en í kalda sjónum eru áhrif kólnunar og seltu nær jöfn. Í þessu samhengi má velta fyrir sér hvort mælingarnar sem gerðar eru á ástandi sjávar að vetrarlagi séu á þeim tíma sem lóðrétt blöndun sjávar nær niður á mesta dýpið og þar með hvort mældur sé hámarksvetrarstyrkur uppleystra næringarefna. Af þessu má ráða að ef breytingar verða á umhverfisskilyrðum geta einnig orðið breytingar á vetrarstyrk uppleystra næringarefna sem síðan breytir skilyrðum fyrir þörungavexti og framleiðni getu hafsvæða.

Þekkt er á mörgum hafsvæðum að meðalstórar hringrásir (mesoscale eddies) geta borið næringarefni inn á næringarefnasauð svæði með láréttri tilfærslu og sama getur gerst með blöndun á skilum og lóðrétt tilfærsla getur orðið við uppdrift sjávar. Gögnin gefa til kynna að einhver ferli af þessu tagi eigi sér stað úti fyrir Suðaustur og Austurlandi (sjá 6. og 9.–11. mynd). Ferli af þessu tagi eru talin hafa mikil áhrif á frjósemi svæða (Falkowski *et al.*, 1991, Williams og Follows, 1998 og Oshlies og Garcon, 1998).

Styrkur næringarefna yfir landgrunni er háður fleiri ferlum en styrkur þeirra fyrir utan landgrunn (Jickells, 1998). Stærstan hluta breytinga á styrk næringarefna á landgrunninu víð Ísland


má að öllum líkindum rekja til ytri skilyrða þ.e. breytinga á ferlum/skilyrðum í hafinu fyrir utan þó að enn sé órannsakað hér við land hvernig samspil ýmissa innri skilyrða/ferla hefur áhrif á styrk næringarefna á landgrunninu (afrennsli af landi, endurnýjun, tap í set eða afnitrún, sjávarföll, óstaðfastar biogeokemískar breytingar). Ljóst er af þeim gögnum sem hér liggja fyrir (4.–7. mynd) að á strandsvæðum og nærri landi eru landræn áhrif talsverð á styrk næringarefna í sjó, einkum á kísilstyrk (Sólveig Ólafsdóttir og Jón Ólafsson, 1999) en þættir eins og brottnám næringarefna í set, og aðflutningur frá öðrum hafsvæðum (t.d. uppdrif) hafa ekki verið rannsakaðir hér við land til þessa. Seitzinger og Giblin (1996) mátu þátt brottnáms köfnunarefnis í set í NA-Atlantshafi verulegan og er sá þáttur talinn vanmetinn í mati á köfnunarefnisbúskap strandsvæða. Skortur á mælikvörðum fyrir þessi ferli gera túlkun og samanburð gagna erfiðan einkum ef rekja á orsakir breytinga. Nýlegar ritgerðir (Hydes, 2004 og De Galan *et al.*, 2004) sýna fram á nauðsyn þess að tengja vöktun á næringarefnaástandi landgrunnssvæða og fjarða við ástandið í hafinu úti fyrir.

Þörungur taka að vaxa í hafinu við Ísland á tímabilinu apríl til maí. Almennt skapast þau skilyrði fyrst næst landi sem þarf til að vorblómi þörungna geti orðið. Við Faxaflóa veldur seltu-lækkun vegna frárennslis frá landi því að stöðug lagskipting myndast í yfirborðinu og því verður blómi þörungna fyrst innst í flóanum (Þórunn



16. mynd. Samband a) nitrats og fosfats og b) nitrats og kísils í efstu 100 metrunum í hafinu umhverfis Ísland árið 2002. Sambandi nitrats og fosfats má lýsa með jöfnunni: $[NO_3]=16,9(\pm 0,1)*[PO_4]-2,1(\pm 0,1)$.

Mynd 16. The relationship between a) nitrate and phosphate and b) nitrate and silicate in the uppermost 100 meters in Icelandic waters in 2002. The relationship between nitrate and phosphate is described by the equation: $[NO_3]=16.9(\pm 0.1)*[PO_4]-2.1(\pm 0.1)$.



17. mynd. Breytingar á sambandi nitrats og fosfats í efstu 100 metrunum í hafinu umhverfis Ísland árið 2002 eftir svæðum, a) Vestursvæði er Faxaflói $NO_3=16,1(\pm 0,2)*PO_4-1,3(\pm 0,2)$ ($r^2=0,97$), b) Norðvestursvæði er frá Kögri til Sigluness, $NO_3=17,3(\pm 0,2)*PO_4-2,4(\pm 0,2)$ ($r^2=0,94$), c) Norðaustursvæði er frá Sléttu til Langanes Norðaustur, $NO_3=16,5(\pm 0,4)*PO_4-1,6(\pm 0,3)$ ($r^2=0,91$), d) Austursvæði er frá Langanesi Austur til Stokksnes, $NO_3=16,4(\pm 0,3)*PO_4-2,0(\pm 0,2)$ ($r^2=0,90$), og e) Suðursvæði er frá Ingólfshöfða til Selvogsbanka. $NO_3=16,0(\pm 0,5)*PO_4-1,4(\pm 0,3)$ ($r^2=0,90$).

Figure 17. Differences in nitrate phosphate relationships in the upper 100 meters by area in Icelandic waters in 2002, a) The Western area is Faxaflói $NO_3=16.1(\pm 0.2)*PO_4-1.3(\pm 0.2)$ ($r^2=0.97$), b) The Northwest area is from Kögur to Siglunes, $NO_3=17.3(\pm 0.2)*PO_4-2.4(\pm 0.2)$ ($r^2=0.94$), c) The Northeast area is from Sléttu to Langanes Norðaustur, $NO_3=16.5(\pm 0.4)*PO_4-1.6(\pm 0.3)$ ($r^2=0.91$), d) The Eastern area is from Langanes Austur to Stokksnes, $NO_3=16.4(\pm 0.3)*PO_4-2.0(\pm 0.2)$ ($r^2=0.90$), and e) The Southern area is from Ingólfshöfði to Selvogsbanki. $NO_3=16.0(\pm 0.5)*PO_4-1.4(\pm 0.3)$ ($r^2=0.90$).

Þórðardóttir og Unnsteinn Stefánsson, 1977). Í Austur-Grænlandsstraumnum er einnig þekkt að skilyrði skapast fyrir fyrir blóma þörungna þar sem seltulækkunar gætir (Waniek *et al.*, 2005). Gögnin í þessari rannsókn styðja þetta, t.d. hafði umtalsverð lækun orðið á styrk næringarefna á Faxaflóasniði í maíleiðangri á stöðvum næst landi, níturstyrkur lækkaði um 4 μmol l⁻¹, á meðan styrkurinn hafði lítið lækkað frá því um veturinn lengra frá landi (4. og 5. mynd).

Hlutföll milli styrks nitrats og fosfats eru vel þekkt (Redfield hlutföll) en breytingar á styrk uppleysts kísils og annarra næringarefna eru ekki eins vel skilgreind. Fosfat og níturat eru notuð í jöfnum hlutföllum af öllum tegundum svifþörungna en svo til einungis kísilþörungar nýta uppleystan kísil við ljóstillífun. Samband nitrats og fosfats og nitrats og kísils í yfirborðslögum (0-100 m) árið 2002 er sýnt á 16. mynd. Niðurstöðurnar sýna að það var að

jafnaði leif af fosfati (0,12 μmol l⁻¹) eftir þegar allt níturat var uppuríð sem bendir til að níturat hafi verið takamarkandi fyrir vöxt þörungna en ekki fosfat. Hlutfallið ΔN/ΔP fyrir öll gögnin er 16,9 og tekur þá til allra sjógerða á öllum árstímum.


